

Reykjavík, 06.09.2022
ÍLS/

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð

Vísað er til upplýsinga um samráðs um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, sem birtar voru í samráðsgátt stjórnarráðsins, 23. ágúst 2022, sbr. mál nr. 150/2022. Eftirfarandi eru athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og dótturfélaga, við frumvarpið.

Heilt yfir þá ber að fagna lagafrumvarpinu og því skrefi sem stjórnvöld hyggjast taka með stofnun Vísinda- og nýsköpunarráðs þannig að efla megi stefnumótun og samhæfingu á sviði vísinda, tæknipróunar og nýsköpunar hér á landi. Með frumvarpinu er settur rammi um Vísinda- og tækniráð og tilnefningarnefnd sem ber að tilnefna fulltrúa í ráðið.

Mikil gróska hefur verið í nýsköpun í orkumálum hér á landi og skemmst ber þar að nefna þróun Carbfix aðferðarinnar hér á landi í samstarfi OR og innlendra og erlendra samstarfsaðila. Aðferðin hefur nú sýnt sig í að vera eitt stærsta framlag Íslands í baráttunni við loftslagsvána. Við tilnefningar í ráðið er mikilvægt að tilnefningarnefnd horfi til atvinnugreinanna sem með virkum hætti leggja lóð sín á vogarskálarnar á sviði nýsköpunar, þróunar og vísinda.

Það er von OR að með frumvarpinu megi styrkja vísindi og nýsköpun hér á landi og eru sérfræðingar OR ávallt reiðubúin til samráðs og samstarfs þar sem þekking þeirra og reynsla af nýsköpun og vísindastarfi getur nýst.

Virðingarfyllst,



Íris Lind Sæmundsdóttir
Lögmaður